

# Samningur um afnot af beitarhólfi

## Aðilar samningsins

### 1. gr.

**Landeigandi:** Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði

**Verktaki:** Anna Portia Specker, kt. 100390-8029, Sundstræti 26, Ísafirði.

## Lýsing lands

### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á fundi sínum þann [...] samþykkt tillögu bæjarráðs um að Anna Portia Specker fái afnot af landi til hestabeitar, utan við kirkjugarðinn að Réttarholti í Engidal. Beitin er 3.6 h.a. að stærð með vísan í uppdrátt dags. 9. október 2017. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020.

### 3. gr.

Önnur nýting en fram kemur í samningi þessum og skv. skilmálum aðalskipulags varðandi svæðið er óheimil án samþykkis Ísafjarðarbæjar. Afnotarétturinn einskorðast við beitoland fyrir búfé/hesta og/eða heyslátt. Afnotaréttur Önnu Portíu af svæðinu er án endurgjalds. Meðan samkomulag þetta er í gildi er gerð sú krafa til beggja aðila, að umgengni um að svæðið sé til fyrirmyndar og skal því skilað í sama ástandi og tekið var við því. Leyfishafi ber ábyrgð á að girðingar haldi.

## Afhending

### 4. gr.

Anna Portia Specker fær landsvæðinu úthlutað til beitar eins og það er við undirritun samkomulags þessa. Anna Portia, hefur kynnt sér rækilega ástand landsins og gerir ekki athugasemdir við það.

## Samningstími

### 5. gr.

Anna Portia Specker fær landsvæðið afhent til afnota við undirritun samnings þessa í 2 ár. Uppsagnarfrestur skal vera þrjú mánuðir af hálfu beggja aðila. Ísafjarðarbær er ekki skaðabótaskyldur gagnvart Önnu Portíu Specker.

## Framsal

### 6. gr.

Önnu Portíu er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum.

## Ýmis ákvæði

### 7. gr.

Komi upp ágreiningur milli aðila út af samningi þessum, skulu þeir eftir fremsta megni reyna að jafna þann ágreining. Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

**8. gr.**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum,  
Ísafirði, [...] nóv 2017

\_\_\_\_\_

f.h. Ísafjarðarbæjar

\_\_\_\_\_

Anna Portia Specker

Vottar að rétttri dags.,  
og undirskrift aðila

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_